

Skólaráð Lækjarskóla

22. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 28. nóvember 2013 kl. 8:15

Dagskrá fundarins var eftirfarandi.

1. Kynning fulltrúa skólaráðs

Nýir fulltrúar nemenda í nemendaráði eru Veiga Dís Hansdóttir og Davíð Arnar Jónsson nemendur í 10 bekk.

Haraldur Haraldsson, skólastjóri
Helga Birna Gunnarsdóttir formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra
Jórunn Kristín Fjeldsted, fulltrúi foreldra
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara
Hildur Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara
Oddný S. Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

2. Hvað er á döfni og hvað er framundan í skólastarfinu.

Haraldur sagði frá.

- Vinnan að nýrri skólanámskrá væri í fullum gangi
- Innra mat á skólastarfi hefur verið í skoðun. Hvernig skólinn er að standa sig varðandi sérfræðiþjónustu/stoðþjónustu.
- Ytra mat á skólastarfi verður skoðað eftir áramót.
- Aukinn stuðningur við nemendur í 8. og 10. bekk frá hausti
- Samvinna sérdeildar og 1. bekkjar gengur vel.
- Kór Lækjarskóla á stórafmæli í ár og verðu hátíðardagsskrá í tilefni þess. 200 nemendur eru í kórnum og verður hátíðin haldin úti í bæ vegna fjölda.

Fulltrúar nemenda sögðu frá.

- Undirbúningur vegna Gismó væri á fullu og fer mikill tími í það.
- Foreldraheimsókn verður á föstudaginn í skólanum milli 08:00-10:00. Nemendur í 10. bekk baka kökur með kaffinu sem verða í boði skólans. Mandarínur verða einnig á boðstólum. Nemendur verða með kleinupoka til sölu. Ágóðinn á þeim rennur í ferðasjóð nemenda.
- Símat er stöðugt í gangi í námsgreinum skólans hjá 10. Bekk.

Fulltrúar foreldra sögðu frá.

- Piparkökudagurinn verður sunnudaginn 8. desember frá 13:00-16:00.
- Marita fræðslan verður eftir áramót.
- Skiptir máli að fínpússa grunnvinnu í SMT.
- Gott væri að eineltisáætlun skólans væri aðgengilegri foreldrum varðandi ferlanna.
- Fulltrúi grenndarsamfélags segir að almenn ánægja sé í hverfinu með skólann sinn.

Fulltrúar kennara sögðu frá.

- Comínúsar verkefni sem skólinn tekur þátt í.
- Hrönn og Arna fóru ásamt 4 nemendum til Bretlands og hittu nemendur og fulltrúa þeirra þjóða sem tóku einnig þátt í verkefninu.
- Skólinn er einnig farin af stað með Pals lestrarþjálfun í 3. -6. bekk. Nemendur og kennarar eru ánægðir hvernig það fer af stað.

Fulltrúi starfsmanna sagði frá.

- Þjálfun/kennsla með nemendum með hinar ýmsu raskanir í bekkjarstarfi gengur vel. Gott samstarf og samvinna og aðgengi að ráðgjöf skilar sér til allra sem í skólanum starfa og betri líðan hjá nemendum skólans.
- Snemmtæk íhlutun skiptir miklu máli til að kortleggja þjónustu nemandans og samstarf starfsfólks skóla í upphafi skólagöngu.

3. Önnur mál

- Skólastjóri kynnti niðurstöður rafrænnar foreldrakönnunar frá síðastliðnu vori. Könnunin var gerð á vegum skólaskrifstofunnar. Skólastjóri mun senda foreldrum niðurstöðurnar ásamt skýringum. Kannanir sem þessar eru gerðar árlega og gerður samanburður milli ára. Skólastjóri mun einnig senda foreldrum skólanámskrána og skýrslu um árangursstjórnun.

Fundi slitið kl. 9:45.

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Helga Birna Gunnarsdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Jórunn Kristín Fjelsted, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Hildur Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný S. Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Veiga Dís Hansdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Davíð, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Oddný S. Jóhannesdóttir